



*Kæru foreldrar*

*Á næstu dögum fer af stað viðhorfskönnun til foreldra barna í leikskólum Reykjavíkur sem gerð hefur verið annað hvert ár frá því árið 2000. Skólinn fær sérstaka skýrslu með niðurstöðum auk þess sem heildarskýrsla er gerð fyrir alla leikskóla borgarinnar. Ég vil hvetja þig til þess að svara könnuninni og koma viðhorfum þínum um þinn leikskóla á framfæri.*

*Þeir foreldrar sem ekki lesa íslensku eru hvattir til að fá aðstoð við að fylla könnunina út rafrænt því það er mjög mikilvægt að könnunin endurspegli viðhorf sem flestra foreldra til leikskólastarfsins.*

*Þeir foreldrar sem óska geta nálgast eintak af könnuninni á ensku hjá leikskólastjóra.*

*Með kveðju*

*leikskólastjóri*